
2013011265)

Heiti eignar: Fagurhóll,
Rangárþingi ytra.
Fastanr.: 231-9532.
Gerðarþoli (-ar): Bjarnleifur Bjarnleifsson og Lilja G. Gunnarsdóttir.
Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Rangárþing ytra.
Fjárhæðir krafna í kr.: 119.579.

2013011264)

Heiti eignar: Hagi lóð 165215,
Rangárþingi ytra.
Fastanr.: 219-7703.
Gerðarþoli (-ar): Guðmundur Ágúst Ingvarsson og Guðríður Stefánsdóttir.
Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Rangárþing ytra.
Fjárhæðir krafna í kr.: 115.410.

2013011263)

Heiti eignar: Mykjunes 2 land 203930,
Rangárþingi ytra.
Fastanr.: 234-2829.
Gerðarþoli (-ar): Kristinn Skúlason og Drífa Danielsdóttir.
Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Arion banki hf.
Fjárhæðir krafna í kr.: 8.508.624.

2013011262)

Heiti eignar: Rangárbakki 8 B,
Rangárþingi ytra.
Fastanr.: 219-6256.
Gerðarþoli (-ar): Árhús ehf.
Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Garðar Sigurðsson, Rangárþing ytra, Steinunn Sigurðardóttir og Sólrún Helga Guðmundsdóttir.
Fjárhæðir krafna í kr.: 30.688.317.

2013011261)

Heiti eignar: Rósalundur 165413,
Rangárþingi ytra.
Fastanr.: 219-8682.
Gerðarþoli (-ar): Hrefna Huld Helgadóttir og Ólafur Helgi Gylfason.
Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Rangárþing ytra.
Fjárhæðir krafna í kr.: 201.260.

2013011260)

Heiti eignar: Svanavatn,
Rangárþingi eystra.
Fastanr.: 163900.
Gerðarþoli (-ar): ehl. Þorvaldar Helgasonar.
Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Fóðurblandan hf.
Fjárhæðir krafna í kr.: 787.743.

2013011259)

Heiti eignar: Svanavatn ,
Rangárþingi eystra.
Fastanr.: 163900.
Gerðarþoli (-ar): Þorvaldur Helgason og Sigrún Brynja Haraldsdóttir.
Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Vátryggingafélag Íslands hf.
Fjárhæðir krafna í kr.: 212.107.

2013011258)

Heiti eignar: Svínhagi 164560,
Rangárþingi ytra.
Fastanr.: 219-5693.
Gerðarþoli (-ar): Hbyggð ehf.
Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Rangárþing ytra.
Fjárhæðir krafna í kr.: 192.333.

2013011257)

Heiti eignar: Svínhagi L 8, lnr. 218972,
Rangárþingi ytra.
Fastanr.: 234-2436.
Gerðarþoli (-ar): Hbyggð ehf.
Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Rangárþing ytra.
Fjárhæðir krafna í kr.: 156.268.

2013011256)

Heiti eignar: Svínhagi L-7,
Rangárþingi ytra.
Fastanr.: 218971.
Gerðarþoli (-ar): Hbyggð ehf.
Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Rangárþing ytra.
Fjárhæðir krafna í kr.: 144.409.

2013011255)

Sýslumaðurinn á Hvolsvelli,
1. maí 2013.

Kjartan Þorkelsson.

(2013011254

Útgáfud.: 6. júní 2013

Skiptafundur

Skiptafundur í eftirtöldu þrotabúi verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Gufunesvegi, Reykjavík á neðangreindum tíma. Komi ekki fram ábendingar um eignir í búinu í síðasta lagi á fundinum, má vænta þess að skiptum verði lokið þar á grundvelli 155. gr. laga nr. 21/1991.

Nafn bús:

Núttíma ehf.,

kt. 581208-0220,

Suðurlandsbraut 6, Reykjavík

Skiptafundur:

19. júní 2013,

kl. 11.00

Reykjavík, 5. júní 2013.
Ólafur Karl Eyjólfsson hdl.
(2013011071

Útgáfud.: 6. júní 2013

Skiptafundur

Skiptafundur í þrotabúi Landic Property kt. 450599-3529 verður haldinn í fundarsal Lögmannafélags Íslands, Álfamýri 9, þann 27. júní 2013, kl. 15:00.

Á fundinum verður fjallað um frumvarp til úthlutunar úr þrotabúinu. Frumvarpið mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra að Ránargötu 18 til sýnis fyrir kröfuhafa og aðra sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta í tvær vikur fyrir fundinn. Verði andmælum ekki hreyft gegn frumvarpinu, í síðasta lagi á boðuðum skiptafundi, mega þeir sem eiga hlut að máli vænta þess að úthlutun fari fram á grundvelli frumvarpsins, sem þar með verður úthlutunargerð úr þrotabúinu.

Reykjavík, 5. júní 2013.
Ástráður Haraldsson hrl.

(2013011073

Útgáfud.: 10. júní 2013

Skiptafundur

Skiptafundur í eftirtöldu þrotabúi verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Skipholt 50d, 4. hæð, Reykjavík á neðangreindum tíma. Komi ekki fram ábendingar um eignir í búinu í síðasta lagi á fundinum, má vænta þess að skiptum verði lokið þar á grundvelli 155. gr. laga nr. 21/1991.

Nafn bús:	Skiptafundur:
Sjóverk ehf.,	20. júní 2013,
kt. 530593-2079,	kl. 13.15
Skipagötu 8, Ísafirði	

Reykjavík, 6. júní 2013.
Björgvin Jónsson hrl.

(2013011280

Útgáfud.: 6. júní 2013

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 14. september 2012 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Skiptum á búinu var lokið 28. maí 2013.

Engar eignir fundust í búinu umfram það sem þurfti til að efna kröfur skv. 2. tl. 110. gr. laga nr. 21/1991 og var skiptum lokið á skiptafundi 28. maí 2013, skv. 155. gr. laga nr. 21/1991, án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, að fjárhæð kr. 24.302.877 auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:	Lýstar kröfur:
-----------	----------------

Ef Egils ehf.,
kt. 660805-1170,
Engjaseli 84, Reykjavík

Kr. 24.302.877

Reykjavík, 29. maí 2013.

Guðmundur H. Pétursson hdl.

(2013010834

Útgáfud.: 7. júní 2013

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Austurlands uppkveðnum 29. júní 2010 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 24. janúar 2011 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:	Lýstar kröfur:
-----------	----------------

B. Erlendsson ehf.,
kt. 620607-2150,
Brávöllum 8, Egilsstöðum

kr. 11.207.563

Reykjavík, 21. maí 2013.

Stefán Bogi Sveinsson hdl.

(2013011154

Útgáfud.: 7. júní 2013

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Austurlands uppkveðnum 19. júlí 2010 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Skiptum á búinu var lokið 24. janúar 2011.

Fasteign í eigu þrotamanns var seld, en kaupendur yfirtóku áhvilandi veðskuldir á yfirveðsettri eigninni með samþykki veðhafa.

Nafn bús:	Lýstar kröfur:
-----------	----------------

Björgvin Hlíðar Erlendsson,
kt. 210778-3769,
Brávöllum 8, Egilsstöðum

kr. 45.530.443

Reykjavík, 21. maí 2013.

Stefán Bogi Sveinsson hdl.

(2013011155

Útgáfud.: 7. júní 2013

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 19. desember 2012 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 12. mars 2013 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**

JGK VERK ehf.,
kt. 510403-2740,
Hringbraut 119, Reykjavík

kr. 14.606.153

Reykjavík, 4. júní 2013.

Jóhannes Ásgeirsson hrl.

(2013011199

Útgáfud.: 7. júní 2013

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 20. september 2012 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 24. maí 2013 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**

Mardrangar ehf.,
kt. 480206-0610,
Naustabryggju 36, Reykjavík

kr. 86.264.540

Reykjavík, 4. júní 2013.

F.h. Páls Jóhannessonar hdl.,
Þorvaldur Hrafn Yngvason
hdl.

(2013011201

Útgáfud.: 10. júní 2013

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 10. október 2012 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Skiptum á búinu var lokið 6. júní 2013 samkvæmt 154. gr. laga nr. 21/1991 með því að allar lýstar kröfur voru afturkallaðar.

Nafn bús:

Kapital North ehf.,
kt. 690306-1820,
Laugavegi 170, Reykjavík

Lýstar kröfur:

Almennar kröfur sbr. 113. gr. laga nr. 21/1991, kr. 38.887.832. Eftirstæðar kröfur, sbr. 114. gr. laga nr. 21/1991, kr. 45.539.

Reykjavík, 6. júní 2013.

F.h. Hjálmars Blöndal hdl.,
Bjarni Hólmar Einarsson
hdl.

(2013011268

Útgáfud.: 10. júní 2013

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Vestfjarða uppkveðnum 14. febrúar 2013 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Alls var lýst kröfum í búið að fjárhæð kr. 4.061.155. Þar af námu lýstar kröfur skv. 113. gr. l. nr. 21/1991 kr. 4.044.397 og lýstar kröfur skv. 114. gr. l. nr. 21/1991 kr. 16.758.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 31. maí 2013 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:**Lýstar kröfur:**

Guðrún Ósk Ásmundsdóttir, kr. 4.061.155
kt. 020880-5039,
Holtastíg 2, Bolungarvík

Reykjavík, 3. júní 2013.

Lára Sverrisdóttir hdl.

(2013011278

Útgáfud.: 10. júní 2013

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 28. nóvember 2012 var neðangreint dánarbú tekið til opinberra skipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í dánarbúinu.

Skiptum á búinu var lokið 3. júní 2013.

Farið var með dánarbúið eftir lögum um gjaldþrotaskipti. Upp í veðkröfur greiddust kr. 23.000.000 en ekkert upp í aðrar kröfur..

Nafn bús:**Lýstar kröfur:**

Helga Þóra Jakobsdóttir,
kt. 060238-4809,
Drekavöllum 8, Hafnarfirði

Veðkröfur kr. 36.014.237 og
almennar kröfur 1.026.893

Reykjavík, 3. júní 2013.

Jón G. Briem hrl.

(2013011279)

Útgáfud.: 11. júní 2013

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 27. febrúar 2013 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 17. maí 2013 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:**Lýstar kröfur:**

Sveinbjörn E. Magnússon, kr. 9.701.616
kt. 040460-2929,
Digranesvegi 16, Kópavogi

Reykjavík, 6. júní 2013.

Kolbrún Garðarsdóttir hdl.

(2013011349)

Útgáfud.: 11. júní 2013

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Vestfjarða uppkveðnum 18. janúar 2013 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 4. júní 2013 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:**Lýstar kröfur:**

B.H.-Eignir ehf., kr. 5.907.479
kt. 681005-0480,
Eyri, Bildudal, Vesturbyggð

Ísafirði, 5. júní 2013.

Tryggvi Guðmundsson hdl.

(2013011483)

Útgáfud.: 6. júní 2013

Auglýsing um skipulag - Hafnarfjarðarkaupstaður

Tillaga að breyttu deiliskipulagi Hafnarfjörður Miðbær 2000 vegna lóða nr. 22 og 22b við Austurgötu og nr. 19 við Strandgötu.

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 28. maí 2013 að auglýsa tillögu að breytingu í

samræmi við 43. grein skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felst í að lóðir nr. 22 og 22b við Austurgötu eru sameinaðar í eina lóð þar sem heimilað yrði að byggja tveggja hæða sex íbúða hús með kjallari og risi. Kvöð verður á lóðinn um gönguleið að opnu svæði sunnan við lóðina.

Á lóð nr. 19 við Strandgötu verður viðbygging á baklóð rifin og í hennar stað reist fjögurra íbúða hús.

Tillaga að breyttu deiliskipulagi Hafnarfjörður Miðbær 1981 (reitur 15) vegna lóða nr. 41 og 41a við Hverfisgötu.

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 28. maí 2013 að auglýsa tillögu að breytingu í samræmi við 43. grein skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felst í að byggingarreitur á lóð nr. 41 við Hverfisgötu er stækkaður og heimilt að reisa þar einnar hæðar viðbyggingu og á lóð nr. 41a yrði heimil að hækka viðbyggingu í norðaustur horni um eina hæð.

Tillögurnar verða til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 8-10 og hjá skipulags- og byggingarsviði Norðurrellu 2, frá 6. júní til 19. júlí 2013. Hægt er að skoða deiliskipulagstillögurnar á forsiðu vefs Hafnarfjarðar www.hafnarfjordur.is Nánari upplýsingar eru veittar á skipulags- og byggingarsviði.

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingarnar og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðar, eigi síðar en 19. júlí 2013. Þeir sem eigi gera athugasemdir við breytinguna innan tilskilins frests, teljast samþykkir henni.

Skipulags- og byggingarsvið Hafnarfjarðar.

(2013011145)

Útgáfud.: 7. júní 2013

Auglýsing um skipulag - Reykjavíkurborg, leiðrétting

Í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingum á deiliskipulagi í Reykjavík.

Auglýsing er hér birt á ný með leiðréttri lokadagsetningu á athugasemdarfresti.

Efstaleiti 5.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 5 við Efstaleiti. Í breytingunni felst aukning á nýtingarhlutfalli vegna viðbyggingar. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Nauthólsvík.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Nauthólsvíkur. Í breytingunni felst að ákvæði um stríðsminjasafn er felld niður en í stað þess verði ákvæði um að húsin verði fyrir veitingarekstur eða aðra starfsemi og þjónustu sem fellur að nýtingu útivistarsvæði og starfsemi í Nauthólsvík. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8.20-

16.15, Kynning hófst þann 29. maí 2013 og er athugasemdarfrestur til og með 11. júlí 2013. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðunni, www.skipbygg.is. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega, til umhverfis- og skipulagsviðs, b.t. skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 11. júlí 2013. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.

F. h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur,
Ann Andreassen.

(2013011175

Útgáfud.: 7. júní 2013

Stefna - vefenging á faðerni

Sæmundur Sigmundsson,
kt. 140135-2249,
Brákey, Borgarnesi,

gerir kunnugt: Að hann þurfi að höfða vefengingarmál fyrir héraðsdómi Vesturlands á hendur hr. Sæmundi Steinari Sæmundssyni, kt. 040560-2549, með óþekkt heimilisfangi í Svíþjóð.

Fyrirsvar: Fyrir stefnanda rekur málið Bjarni S. Ásgeirsson hrl., Reykjavíkurvegi 60, Hafnarfirði.

Dómkröfur: Dómkröfur stefnanda eru að dómari úrskurði að stefnda verði gert að þola að blóðrannsókn verði gerð á stefnda og enn fremur aðrar sérfræðilegar kannanir, þar á meðal mannerfðafræðilegar rannsóknir til að fá úr því skorið hvort stefnandi teljist vera faðir stefnda.

Þá gerir stefnandi þær dómkröfur að stefnda verði gert að þola dóm þess efnis að stefnandi sé ekki faðir stefnda.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda samkvæmt mati dómsins eða framlögðum málskostnaðarreikningi, sem áskilinn er réttur til að leggja fram við þingfestingu og/eða á síðari stigum málsins, allt eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Að auki er krafist virðisaukaskatts á málflutningsþóknun.

Málavextir, málsástæður og lagarök:

Helstu málsatvik: Er stefnandi var ungur maður eða 24 ára gamall kveðst hann hafa þekkt móður stefnda, Ragnhildi Steinunni Halldórsdóttur, sem var fædd að Ytri-Tungu í Staðarsveit á Snæfellsnesi hinn 26. júní 1935. Ragnhildur Steinunn lést 19. janúar 2008. Gott hafi verið milli þeirra á þessum tíma og hafi þau átt samfarir síðsumars ársins 1959, á hugsanlegum getnaðartíma stefnda. Stefnanda hafi verið kennt barnið og hann gengist við því. Lítil sem engin samskipti voru milli þeirra stefnanda og móður stefnda eftir þetta.

Stefnandi kveður að eftir því sem árin liðu hafi hann sannfærst með sjálfum sér að hann væri ekki faðir stefnda, enda hafi hann haft af því spurnir að á getnaðartíma barnsins hafi móðir stefnda átt vingott við fleiri en hann. Einhver samskipti munu hafa verið til að byrja með milli aðila málsins, en engin samskipti hafa verið milli þeirra hin síðari

ár. Þrátt fyrir tilraunir stefnanda til að reyna að ná samkomulagi um lyktir málsins hefur það ekki tekist. Meðal annars hafi verið margreynt að ná í stefnda í síma, en hann ekki sinnt tilraunum stefnanda þess efnis.

Hafði stefndi m.a. látið hjá liða að skrá sig réttilega til heimilis, og ekki haft síma sína réttilega skráða. Tekið skal fram að stefndi hefur verið búsettur í Svíþjóð allmörg hin síðari ár en stundað vinnu á Íslandi á sumrin m.a. hjá stefnanda fyrir nokkrum árum.

Helstu málsástæður: Stefnandi hefur lögvarða hagsmuni af því að fá úr því skorið hvort stefnandi sé hinn raunverulegi faðir stefnda. Það koma bæði til greina erfðaréttarleg sjónarmið og ekki síður félagsleg sjónarmið. Stefnandi kveðst vera farinn að reskjast og honum sé nauðsynlegt að fá úr þessu skorið, vegna þeirrar stöðu sem að upp sé komin að fá óyggjandi sönnur í málinu. Stefnandi kveður að sér virðist sem stefndi hafi m.a. leikið það að láta stefnanda ekki ná í sig og gert framgang málsins erfðari. Stefnanda sé því nauðsynlegt að fá úr því skorið hvort stefndi sé rétt feðraður. Því höfðar stefnandi þetta vefengingarmál á hendur stefnda og gerir þær kröfur að fram fari mannerfðafræðilegar rannsóknir til að fá hið rétta fram í málinu. Stefnandi kveðst vera þess mjög fús að teknar verði af honum þau sýni sem þurfi til að umræddar rannsóknir og samanburður á sýnum aðila geti farið fram í þessu sambandi.

Lagarök: Máli sínu til stuðnings vísar stefnandi til barnalaga nr. 76, frá 2003, einkum sbr. III. kafla og II. kafla eftir því sem við kann að eiga. Varðandi málsheimild og málsaðild vísast til 21. gr. sömu laga. Varðandi málsmeðferð vísast til 22. gr. sömu laga sbr. tilvitnaðar lagagreinar þar. Varðandi varnarþing vísast til 20. greinar, sbr. tilvitnaðar 8. og 9. gr. sömu laga. Stefnandi á varnarþing í Héraðsdómi Vesturlands og málið þar höfðað með heimild í 8. gr. á heimilisvarnarþingi aðila. Varðandi kröfu um að fram fari mannerfðafræðilegar rannsóknir á lífsýnum aðila og með úrskurði dómsins ef þurfi, er vísað til 22. gr. sbr. 15. greinar sömu laga.

Krafa um málskostnað byggist á XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála í héraði.

Varðandi það að birting stefnu fer fram í Lögbirtingablaði er vísað til heimildar í 89. gr. 1 til a-lið, laga nr. 91/1991.

Vitað er að stefndi er búsettur í Svíþjóð. Stefnandi hefur án árangurs leitað eftir heimilisfangi stefnda. Svo virðist sem stefndi forðist að láta ná í sig. Stefnda hefur verið sent ábyrgðarbréf á þá álitnu heimilisfangi, án árangurs. Stefnubirting hefur verið reynd á sögðu heimilisfangi stefnda í Svíþjóð að Norra Skeppspromenaden 15 417 63 Göteborg, en í bréfi sýslumanns í Keflavík, dagsett 15. maí 2013, sem annast milligöngu um stefnubirtingar utan Íslands, kemur fram að birting stefnu hafi ekki tekist þar sem stefndi er ekki talinn búa á uppgefnu heimilisfangi. Því er nauðsynlegt að nota heimild til stefnubirtingar í Lögbirtingablaði.

Þá vísar stefnandi til fyrrgreindra laga nr. 91/1991 varðandi meðferð málsins, eftir því sem við á.

Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur, því ber honum nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda.

Sönnunargögn: Við þingfestingu mun stefnandi leggja fram eftirtalin gögn, auk stefnu þessarar.

2. Skrá.

3. Umboð stefnanda til lögmanns síns dags. 14. janúar 2013,

sem felur í sér m.a. umboð til málshöfðunar.

4. Ábyrgðarbréf lögmanns til stefnda, dags. 14. janúar 2013, með áritun um að viðtakandi þekkist ekki á umræddu heimilisfangi í Svíþjóð.

5. Vottorð Hagstofu Íslands um faðerni. (Fæðingarvottorð).

6. Bréf sýslumanns í Keflavík dagsett hinn 15. maí 2013, ásamt vottorði um tilraun til stefnubirtingar í Svíþjóð.

7. Lögbirtingablað með stefnubirtingu.

Áskilnaður: Áskilinn er réttur til framlagningar frekari gagna til rökstuðnings kröfu stefnanda, á síðari stigum málsins, auk reifunar frekari málsástæðna og útlisunar kröfunni. Þá er áskilinn réttur til að kalla fyrir vitni eftir því sem ástæða kann að vera til.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með hr. Sæmundi Steinari Sæmundssyni, kt. 040560-2549, með óþekkt heimilisfangi í Svíþjóð, til að mæta er mál þetta verður þingfest í dómþingi héraðsdóms Vesturlands, sem háð verður að Bjarnarbraut 8, Borgarnesi, þriðjudaginn 17. september 2013, kl. 14, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í rétt lögð á sókn sakar, dómkröfur að hlýða og til sakar að svara.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Útivist getur leitt til að útivistardómur gangi í málinu.

Hafnarfirði, 6. júní 2013.

F.h. stefnanda,

Bjarni S. Ásgeirsson hrl.

(2013011200

Útgáfud.: 7. júní 2013

Stefna - f. h. húsfélagsins Asparfell 2-12, Reykjavík

Húsfélagið Asparfell 2-12,

kt. 670575-0479,

Asparfelli 12, Reykjavík,

gerir kunnugt: að höfða þurfi mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Karli Helgasyni, kt. 210981-4389, með óskráð lögheimili.

Dómkröfur: Stefnandi gerir þær dómkröfur að stefndi verði dæmdur til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 118.247 ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, þannig:

af kr. 13.556, frá 1. september 2012 til 1. október 2012,

þá af kr. 27.112 til 1. nóvember 2012,

þá af kr. 40.668 til 1. desember 2012,

þá af kr. 54.224 til 1. janúar 2013,

þá af kr. 71.280 til 1. febrúar 2013,

þá af kr. 84.836 til 1. mars 2013,

þá af kr. 98.392 til 1. apríl 2013

en þá af kr. 118.247 frá þeim degi til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar að viðbættum virðisaukaskatti og dráttarvöxtum á málskostnað frá 15. degi eftir dómsuppsögudag til greiðsludags sbr. framlagðan málskostnaðarreikning.

Þá er þess krafist að staðfestur verði lögveðsréttur fyrir þeim hluta kröfunnar sem gjaldféll frá og með 1. september 2012 eða kr. 118.247 ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, þannig:

af kr. 13.556, frá 1. september 2012 til 1. október 2012,

þá af kr. 27.112 til 1. nóvember 2012,

þá af kr. 40.668 til 1. desember 2012,

þá af kr. 54.224 til 1. janúar 2013,

þá af kr. 71.280 til 1. febrúar 2013.

þá af kr. 84.836 til 1. mars 2013,

þá af kr. 98.392 til 1. apríl 2013

en þá af kr. 118.247 frá þeim degi til greiðsludags, auk kostnaðar, í íbúð stefnda, merktri 09-0206, með fastanúmerið 205-1949, í fasteigninni nr 12 við Asparfell í Reykjavík.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður Ásgeir Björnsson hdl., kt. 250360-4529, Austurströnd 1, Seltjarnarnesi, rekur mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Fyrirsvar: Fyrirsvarsmaður stefnanda, húsfélagsins Asparfell 2-12 í Reykjavík, er Ásgerður Pálmadóttir, Asparfelli 12, Reykjavík.

Málsástæður og önnur atvik: Stefnandi er húsfélag starfrækt af eigendum fasteignarinnar að Asparfelli 2-12, Reykjavík. Stefndi er þinglesinn eigandi ofangreindrar íbúðar í húsinu nr. 12 við Asparfell í Reykjavík. Á stefnda hafa verið lögð húsgjöld vegna hlutdeildar ofangreinds eignarhluta í sameiginlegum kostnaði sbr. framlagt yfirlit yfir ógreidda giróseðla frá Íslandsbanka hf., en bankinn hefur veitt stefnanda (húsfélaginu) þjónustu við innheimtu húsgjalda. Stefnandi byggir fjárkröfur sínar á framangreindu yfirliti og því að stefndi er félagi í húsfélaginu sem þinglesinn eigandi húsnæðisins. Af því leiðir að honum ber að greiða gjöld sem löglega hafa verið á hann lögð.

Höfuðstóll álagningar gjalda sundurliðast þannig:

Á gjalddaga 1. september 2012, kr. 13.556.

Á gjalddaga 1. október 2012, kr. 13.556.

Á gjalddaga 1. nóvember 2012, kr. 13.556.

Á gjalddaga 1. desember 2012, kr. 13.556.

Á gjalddaga 1. janúar 2013, kr. 17.056.

Á gjalddaga 1. febrúar 2013, kr. 13.556.

Á gjalddaga 1. mars 2013, kr. 13.556.

Á gjalddaga 1. apríl 2013, kr. 19.855.

Samtals: kr. 118.247.

Stefnandi byggir lögveðskröfu sína á því að húsgjöldum fylgi lögveðsréttur allt að einu ári aftur í tímann frá upphafi lögsóknar. Rétt er að miða upphaf lögsóknar við stefnubirtingardag. Stefnda var sent innheimtubréf lögmanns stefnanda 28. desember 2012 og 21. maí 2013. Þar sem stefndi hefur ekki sinnt innheimtutilraunum stefnanda, er málshöfðun þessi óhjákvæmileg.

Þar sem stefndi er ekki með skráð lögheimili skv. þjóðskrá, ber nauðsyn til að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði, sbr. a. lið 89. gr. laga nr. 91/1991.

Helstu lagaákvæði og heimildir sem stefnandi bindur rétt sinn við: Stefnandi byggir kröfur sínar á lögum nr. 26/1994 um fjöleignarhús, einkum 13. gr., 47. gr., 48. gr. og 56. gr. þeirra laga svo og almennum reglum kröfuréttarins. Krafan um málskostnað er byggð á 129. gr. og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991. Krafan um virðisaukaskatt á málskostnað er byggð á lögum nr. 50/1988. Kröfur um dráttarvexti og vaxtavexti styður stefnandi við III. kafla laga nr. 38/2001, einkum 6. gr. laganna.

Áskilnaður: Áskilinn er réttur til þess, á síðari stigum málsins, að kalla aðila málsins og vitni fyrir dóm til skýrslugjafar. Stefnandi áskilur sér einnig rétt til að koma að frekari gögnum, rökum og málsástæðum undir rekstri málsins, komi fram mótmæli við kröfunni og/eða gefist tilefni til.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin gögn:

Stefnu ásamt Lögbirtingablaði því sem stefnan birtist í.

Skrá yfir framlögð skjöl.

Innheimtuviðvörðun Íslandsbanka ásamt yfirliti yfir ógreidda giróseðla dags. 5. desember 2012 og 3. maí 2013.

Veðbókarvottorð.

Afrit innheimtubréfa lögmanns dags. 28. desember 2012 og 21. maí 2013.

Málskostnaðarreikning.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með Karli Helgasyni, kt. 210981-4389, með óskráð lögheimili, til þess að mæta er mál þetta verður þingfest á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal 102, Dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík, fimmtudaginn 5. september 2013, kl. 10.00 árdegis til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða og til að leggja fram gögn af sinni hálfu ella má búast við að útivistardómur gangi í málinu. Stefnufrestur er 1 mánuður.

Seltjarnarnesi, 24. maí 2013.

F. h. stefnanda,

Ásgeir Björnsson hdl.

(2013011206

Útgáfud.: 7. júní 2013

Auglýsing frá Orkustofnun

Auglýsing vegna umsóknar Landsnets um leyfi til byggingar nýrra raforkuvirkja, nýs tengivirkis, breytinga á núverandi 66 kV lofðlinu Bolungarvíkurlínu 1 og 66 kV jarðstrengs, Bolungarvíkurlínu 2.

Til þess að auka afhendingaröryggi raforku á norðanverðum Vestfjörðum er stefnt að byggingu varaafsstöðvar á Bolungarvík. Vegna þessa er sótt um leyfi til byggingar nýs tengivirkis í Bolungarvík. Einnig er sótt um leyfi til lagningar tveggja 66 kV jarðstrengja; annars frá endamastri í Bolungarvíkurlínu 1 að fyrirhuguðu tengivirki og hins frá núverandi Bolungarvíkurlínu 2 að fyrirhuguðu tengivirki.

Með umsókn, dags. 25. mars sl., hefur Landsnet óskað leyfis til byggingar á ofangreindum raforkuvirkjum í samræmi við 2. mgr. 9. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Í lagagrein þeirri segir að leyfi Orkustofnunar þurfi fyrir nýjum raflínunum sem flytji raforku á 66 kV spennu eða hærri.

Fyrirhugaðar framkvæmdir eru innan Bolungarvíkurkaupstaðar og eru nú til umfjöllunar hjá skipulagsyfirlöndum sveitarfélagsins. Orkustofnun ítrekar að leyfi skv. fyrrgreindu lagaákvæði er ekki veitt nema fyrir liggja að fyrirhugaðar framkvæmdir samræmist staðfestu skipulagi.

Skipulagsstofnun úrskurðaði þann 27. apríl 2011 að framkvæmdin heyrði ekki undir ákvæði laga um mat á

umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Í samræmi við 34. gr. raforkulaga er þeim aðilum er málið varðar gefið færi á að kynna sér umsóknina og koma á framfæri sjónarmiðum sínum innan fjögurra vikna frá birtingu auglýsingar þessarar. Skriflegum athugasemdum má koma á framfæri við Orkustofnun, Grensásvegi 9, 108 Reykjavík, eigi síðar en mánudaginn 8. júlí nk.

Frekari upplýsingar og gögn um framkvæmdina liggja frammi á skrifstofu Landsnets, Gylfaflöt 9, Reykjavík.

Reykjavík, 6. júní 2013.

Orkustofnun.

(2013011198

Útgáfud.: 7. júní 2013

Auglýsing frá Orkustofnun

Auglýsing vegna umsóknar Landsnets um leyfi til byggingar nýrra raforkuvirkja, 132 kV háspennustrengs á Höfn í Hornafirði og tengibúnaðar.

Vegna aukinnar raforkuþarfar hefur Landsnet hf. óskað eftir leyfi til að leggja 132 kV háspennustreng frá endamastri núverandi línu á Ægissíðu að nýrri aðveitustöð RARIK, samtals 1,5 km svo og vegna nýs 132 kV rofareits í tengivirkið á Hólum.

Með umsókn, dags. 20. mars sl., hefur Landsnet óskað leyfis til byggingar á ofangreindum raforkuvirkjum í samræmi við 2. mgr. 9. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Í lagagrein þeirri segir að leyfi Orkustofnunar þurfi fyrir nýjum raflínunum sem flytji raforku á 66 kV spennu eða hærri.

Fyrirhugaðar framkvæmdir eru innan Sveitarfélagsins Hornafjarðar og eru í samræmi við staðfest skipulag svæðisins en gert er ráð fyrir að strengurinn verði lagður meðfram 11 kV jarðstreng RARIK sem fyrir er.

Skipulagsstofnun tók afstöðu til framkvæmdarinnar, með erindi dags. 18. febrúar sl., þar sem fram kemur að stofnunin telji hana ekki falla undir 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Í samræmi við 34. gr. raforkulaga er þeim aðilum er málið varðar gefið færi á að kynna sér umsóknina og koma á framfæri sjónarmiðum sínum innan fjögurra vikna frá birtingu auglýsingar þessarar. Skriflegum athugasemdum má koma á framfæri við Orkustofnun, Grensásvegi 9, 108 Reykjavík, eigi síðar en mánudaginn 8. júlí nk.

Frekari upplýsingar og gögn um framkvæmdina liggja frammi á skrifstofu Landsnets, Gylfaflöt 9, Reykjavík.

Reykjavík, 6. júní 2013.

Orkustofnun.

(2013011207

Útgáfud.: 7. júní 2013

Auglýsing um regluleg dómþing á föstum þingstöðum

Auglýsing þessi er endurbirt vegna rangrar dagsetningar í fyrri birtingu sem var 15. maí sl.

Með vísan til 22. gr. laga um dómstóla nr. 15, 25. mars 1998 og reglugerðar um dómþinghár og þingstaði hefur dómstólaráð, að fengnum tillögum dómstjóra héraðsdómstólanna, tekið svofellda ákvörðun um regluleg dómþing á föstum þingstöðum frá 1. júlí 2013:

1. gr.

1. *Umdæmi héraðsdóms Reykjavíkur.*
Þingstaður: Dómhús héraðsdóms Reykjavíkur við Lækjartorg, dómsalur 102.
Regluleg dómþing verða hvern þriðjudag og fimmtudag kl. 10.00.
2. *Umdæmi héraðsdóms Vesturlands.*
Þingstaður: Héraðsdómur Vesturlands, Bjarnarbraut 8, Borgarnesi.
Regluleg dómþing verða 1. og 3. þriðjudag hvers mánaðar kl. 14.00.
3. *Umdæmi héraðsdóms Vestfjarða.*
Þingstaður: Héraðsdómur Vestfjarða, Hafnarstræti 9, Ísafirði.
Regluleg dómþing verða 1. og 3. miðvikudag hvers mánaðar kl. 10.00.
4. *Umdæmi héraðsdóms Norðurlands vestra.*
Þingstaður: Héraðsdómur Norðurlands vestra, Skagfirðingabraut 21, Sauðárkrúki.
Regluleg dómþing verða 2. og 4. þriðjudag hvers mánaðar kl. 14.00.
5. *Umdæmi héraðsdóms Norðurlands eystra.*
Þingstaður: Héraðsdómur Norðurlands eystra, Hafnarstræti 107, Akureyri.
Regluleg dómþing verða hvern fimmtudag kl. 13.30.
6. *Umdæmi héraðsdóms Austurlands.*
Þingstaður: Héraðsdómur Austurlands, Lyngáasi 15, Egilsstöðum.
Regluleg dómþing verða 1. og 3. þriðjudag hvers mánaðar kl. 14.00.
7. *Umdæmi héraðsdóms Suðurlands skiptist í eftirfarandi dómþinghár:*
 - a. Umdæmi sýslumannanna á Hvolsvelli, Selfossi og Vík.
Þingstaður: Héraðsdómur Suðurlands, Austurvegi 4, Selfossi.
Regluleg dómþing verða 1. og 3. miðvikudag hvers mánaðar kl. 14.00.
 - b. Umdæmi sýslumannsins í Vestmannaeyjum.
Þingstaður: Skrifstofa sýslumanns, Heiðarvegi 15, Vestmannaeyjum.
Regluleg dómþing verða 2. fimmtudag hvers mánaðar kl. 15.00, mánuðina febrúar, mars, apríl, maí, júní, september, október, nóvember og desember.
8. *Umdæmi héraðsdóms Reykjaness.*
Þingstaður: Héraðsdómur Reykjaness, Fjarðargötu 9, Hafnarfirði.
Regluleg dómþing verða hvern miðvikudag kl. 9.00.

2. gr.

Hlé verða á reglulegum dómþingum mánuðina júlí og ágúst svo og frá 20. desember til 6. janúar, að báðum dögum meðtöldum. Þá falla regluleg dómþing niður á lögboðnum frídögum, sbr. lög nr. 88/1971.

3. gr.

Auglýsing þessi gildir frá og með 1. júlí 2013. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing dómstólaráðs dagsett 14. febrúar 2012.

Reykjavík, 6. júní 2013.

Ólöf Finnsdóttir

framkvæmdastjóri dómstólaráðs.

(2013011208

Útgáfud.: 10. júní 2013

Auglýsing frá Orkustofnun - umsókn um virkjunarleyfi

Landsnet hefur sótt um virkjunarleyfi vegna varaafstöðvar í Bolungarvík.

Gert er ráð fyrir að varaafstöðin verði 6x1,8 MW að uppsettu afli eða 10,8 MW alls. Rekstur stöðvarinnar verður í samræmi við það sem kveðið er á um í netmála Landsnets, C3, skilmálar og öflun og uppgjör vegna varafls.

Í samræmi við 3. mgr. 34. gr. raforkulaga nr. 65/2003 er þeim aðilum er málið varðar gefið færi á að kynna sér umsóknina og koma á framfæri sjónarmiðum sínum fyrir 11. júlí nk. Frekari upplýsingar og gögn um umsóknina er hægt að nálgast hjá Orkustofnun, Grensásvegi 9, 108 Reykjavík. Skriflegum athugasemdum má koma á framfæri við Orkustofnun, Grensásvegi 9, 108 Reykjavík, eigi síðar en 11. júlí nk.

Orkustofnun.

(2013011267

Lögbirtingablað,

52. tölublað 2013.

Útgefandi og ábyrgðarmaður, sýslumaðurinn í Vík,

Anna Birna Þráinsdóttir.